



NÝTT KENNARANÁM – MARGAR LEIÐIR

LEIKSKÓLAKENNARAFRÆÐI



Taktu þátt í að móta framtíðina

Leikskólakennari vinnur mikilvægt starf við uppeldi og menntun ungra barna. Hlutverk hans er að byggja upp skapandi og virka einstaklinga og taka mið af þörfum hvers og eins svo allir fái notið sín.

Leikskólakennarar hjálpa börnum að öðlast skilning og þekkingu á lífinu, lífsgildum og samskiptum við önnur börn, umhverfi og náttúru. Þeir skapa aðstæður þar sem börn eru þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi og réttur þeirra til að hafa áhrif á eigið nám og nánasta umhverfi er virtur. Leikskólakennarar vinna í nánú samstarfi við foreldra eða forráðamenn barnanna.

Nám í leikskólakennarafræði er krefjandi og áhugavert og býður upp á tækifæri til að hafa áhrif á mótun nýrra kynslóða. Nemendur öðlast viðtæka þekkingu á veruleika barna, öðlast þjálfun í samvinnu við börn og eru búnir undir stjórnunar- og leiðtogastörf sem nýtist þeim jafnt í starfi leikskólakennara sem öðrum störfum. Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist heildarsýn yfir starfsemi leikskóla, hugmyndafræði leikskólauppeldis og það menningar- og menntahlutverk sem leikskólinn gegnir í lífi ungra barna og fjölskyldna þeirra. Nemendur læra að skipuleggja fjölbreytt námsumhverfi í leikskóla sem tekur mið af virkni barna og leik sem megin náms- og þroskaleið. Í náminu er sérstök áhersla lögð á tengsl leikskólastarfs og nýrra rannsókna á sviði uppeldis og menntunar.

Nemendur læra m.a. um:

- » leikskólann sem menntastofnun
- » rannsóknir í leikskólastarfi
- » listir og barnamenningu
- » málþroska og þróun læsis
- » leik barna
- » umhverfismennt í leikskólastarfi
- » samskipti, samstarf og stjórnun
- » nám án aðgreiningar

Í náminu kynnast nemendur hugmyndafræði þar sem gengið er út frá því að börn séu hæfileikarík og skapandi. Hugtökin áhugahvöt, upplifun, samskipti, vinátta og virkni eru því í brennidepli ásamt



réttindum og möguleikum barnsins til að hafa áhrif á tilveru sína. Lögð er áhersla á að nemendur tengi eigin viðhorf og reynslu við rannsóknir á leikskólastarfi og byggji þannig upp fagmennsku sína sem verðandi leikskólakennarar. Fléttað er saman fræðilegri umfjöllun og verkefnum sem unnin eru í leikskóla.

Tengsl við starfsvettvang

Vettvangsnám er mikilvægur þáttur í leikskólakennaranámi. Á fyrsta misseri fær hver nemandur heimaskóla, þ.e. leikskóla sem hann hefur aðgang að á námstímanum. Þar stundar hann vettvangsnám í nokkrar vikur á hverju skólaári, tekur virkan þátt í skólastarfinu og vinnur að fjölbreyttum verkefnum. Gert er ráð fyrir að nemendur nýti sér reynslu sína á vettvangi til að öðlast verklega jafnt sem fræðilega þekkingu, efla faglega sjálfsmynd og þróa starfskenningu sína.

Skipulag námsins

B.Ed.-námið er þriggja ára fræðilegt og starfstengt 180 eininga grunnnám. Að því loknu hefur nemandi rétt til að sækja um tveggja ára fjölbreytt og spennandi 120 eininga meistaranám sem veitir rétt til að sækja um leyfisbréf leikskólakennara auk möguleika á réttindum til kennslu yngri barna í grunnskólum, sbr. lög nr. 87/2008. Miðað er við að nemendur sem hefja meistaranám hafi lokið grunnnámi með fyrstu einkunn.

Leikskólakennaranámið er skipulagt sem staðnám og fjarnám með ákveðinni mætingaskyldu. Nánari upplýsingar um skipan námsins eru í kennsluskrá og á www.mennta.hi.is

Þóra Dögg Ómarsdóttir, B.Ed. í leikskólakennarafræði og meistaranemi í náms- og kennslufræði með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna.

„Það sem stendur upp úr í náminu eru samnemendur mínir, kennararnir og persónulegt umhverfi á Menntavísindasviði. Hver og einn fær að njóta sín og kennararnir leggja sig fram um að kynnast nemendum. Ég mæli með leikskólakennaranámi fyrir þá sem hafa áhuga á menntun og uppeldi ungra barna.“



MENNTAVÍSINDASVIÐ

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Við Menntavísindasvið er litið á nemendur sem samstarfsfólk og lögð áhersla á samvinnu og góð tengsl milli nemenda og kennara. Einkunnarorð sviðsins eru **Alúð við fólk og fræði**.

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir:

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Kennaradeild

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Í boði er fjölbreytt grunn- og framhaldsnám á eftirfarandi námsbrautum:

Grunnnám

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla B.Ed.

Grunnskólakennsla B.Ed.

Faggreinakennsla í grunnskóla B.Ed.

Kennslufræði fyrir iðnmeistara diplóma

Íþrótt- og heilsufræði BS

Tómstunda- og félagsmálafræði BA

Þroskaþjálfufræði BA

Uppeldis- og menntunarfræði BA

Meistaránám

Náms- og kennslufræði M.Ed., MA

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla M.Ed.

Grunnskólakennsla M.Ed.

Faggreinakennsla í grunnskóla M.Ed.

Kennsla í framhaldsskóla og háskóla diplóma, M.Ed.

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed., MS

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Þroskaþjálfufræði MA

Menntastjórnun og matsfræði M.Ed., MA

Menntunarfræði M.Ed., MA

Nám fullorðinna M.Ed., MA

Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum MA

Sérkennslufræði M.Ed., MA

Tengsl við starfsvettvang

Í öllum deildum er rík áhersla lögð á tengsl við væntanlegan starfsvettvang og nemendur fara í starfsþjálfun í skólum og öðrum stofnunum samfélagsins. Nám á Menntavísindasviði er ýmist staðbundið, fjarnám eða sveigjanlegt.

Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á www.hi.is. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða igildi stúdentsprófs. Sjá inntökureglur á www.mennta.hi.is.

Menntavísindasvið hefur aðsetur í Stakkahlíð, Skipholti og Bolholti í Reykjavík og á Laugarvatni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

Stakkahlíð
105 Reykjavík

Sími 525 5950

menntavisindasvid@hi.is
www.mennta.hi.is